



Borgarráð

Reykjavík, 10. febrúar 2026

MSS25090023

Tillögur stýrihóps um breytingar á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðar tillögur stýrihóps um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði þar sem lagðar eru til breytingar á málsmeðferðarreglunum. Tillögur stýrihópsins eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 3. gr. verði felld út setning um að borgarráð geti takmarkað opnunartíma veitingastaða. Jafnframt verði bætt inn setningu um að íbúar geti leitað til heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem fer með umhverfiseftirlit, sem nær til hávaða frá veitinga- og skemmtistöðum.
2. Lagt er til að í 4. gr. er skýrt frekar að klukkustund sem gefin er til rýmingar á veitingastöðum er tími fyrir gesti til að yfirgefa staðinn, en ekki sem viðbótaropnunartími.
3. Lagt er til að 9. gr. um að nektarstaðir séu óheimilir verði felld brott þar sem slík starfsemi er þegar bönnuð samkvæmt 4. gr. laga nr. 85/2007.
4. Lagt er til að bætt verði við setningu í 8. gr. um að fyrir útveitingasvæði á borgarlandi þurfi afnotasamningur að fylgja umsókn um rekstrarleyfi.
5. Lagt er til að 11. gr. verði breytt á þann veg að áfengisveitingar í tengslum við íþróttaviðburði séu ekki bannaðar heldur heimilar að uppfyllum ákveðnum skilyrðum.

Ítarlegri útlistun ásamt öðrum minni háttar breytingum er að finna í hjálögðum tillögum stýrihóps.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillögur stýrihóps um breytingar á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði, dags. 9. febrúar 2026, ásamt fylgiskjöllum.



Reykjavík



Viðtakandi: Borgarstjóri

Sendandi: Stýrihópur um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði

Reykjavík, 9. febrúar 2026

MSS25090023

TILLAGA

Tillögur stýrihóps um breytingar á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði

Þann 11. ágúst 2025 skipaði borgarráð stýrihóp um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði. Stýrihópurinn hefur nú unnið breytingar á málsmeðferðarreglunum eftir samráð við hagsmunaaðila. Tillögur stýrihópsins eru eftirfarandi

1. Lagt er til að í 3. gr. verði felld út setning um að borgarráð geti takmarkað opnunartíma veitingastaða. Jafnframt verði bætt inn setningu um að íbúar geti leitað til heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem fer með umhverfiseftirlit, sem nær til hávaða frá veitinga- og skemmtistöðum.
2. Lagt er til að í 4. gr. er skýrt frekar að klukkustund sem gefin er til rýmingar á veitingastöðum er tími fyrir gesti til að yfirgefa staðinn, en ekki sem viðbótaropnunartími.
3. Lagt er til að 9. gr. um að nektarstaðir séu óheimilir verði felld brott þar sem slík starfsemi er þegar bönnuð samkvæmt 4. gr. laga nr. 85/2007.
4. Lagt er til að bætt verði við setningu í 8. gr. um að fyrir útiveitingasvæði á borgarlandi þurfi afnotasamningur að fylgja umsókn um rekstrarleyfi.
5. Lagt er til að 11. gr. verði breytt á þann veg að áfengisveitingar í tengslum við íþróttaviðburði séu ekki bannaðar heldur heimilar að uppfyllum ákveðnum skilyrðum.

Í meðfylgjandi fylgiskjali er hægt að sjá ítarlega útlistun á breytingunum ásamt öðrum minniháttar breytingum.

Stýrihópurinn leggur til að framangreindar tillögur verði lagðar fyrir borgarráð til umfjöllunar og samþykktar.

Greinargerð:

Hlutverk hópsins var að yfirfara umsagnir menningar- og íþróttaráðs, ásamt umsögnum hagsmunaaðila sem aflað var í samráðsferli ráðsins, og gera tillögur að breytingum á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði. Við endurskoðun reglnanna hafði stýrihópurinn hliðsjón af gildandi lögum og reglugerðum um veitinga- og gististaði, ábendingum og umsögnum frá hagsmunaaðilum. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráði var falið að leita samráðs við íþróttafélög og aðra hagaðila vegnar endurskoðunar á ákvæðum um áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði. Var kallað eftir umsögnum hagsmunaaðila og þau sem sendu inn umsögn voru: Íþróttabandalag Reykjavíkur, Embætti landlæknis, IOGT á Íslandi, mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar, Reykjavíkurráð ungmenna, Ungmennafélag Íslands og velferðarráð Reykjavíkurborgar.



Reykjavík



Einnig var umsagnaraðilum boðið til samráðsfundar með fulltrúum stýrihóps sem flestir umsagnaraðilar mættu á og áttu þar samtal um breytingar á málsmeðferðarreglunum. Þeir hagsmunaaðilar sem mættu á samráðsfund voru Embætti landlæknis, IOGT á Íslandi, mannréttindaráð Reykjavíkurborgar, Ungmennafélag Íslands (UMFÍ), velferðarráð Reykjavíkurborgar, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Knattspyrnusamband Íslands, Körfuknattleikssambands Íslands, Handknattleikssamband Íslands, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar og Íþróttabandalag Reykjavíkur. Ásamt því var áhlits hagsmunaaðila leitað þegar drög að tillögum stýrihópsins lágu fyrir.

Jafnframt var haldinn samráðs- og kynningarfundur með Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Fulltrúum þeirra félaga sem eru með lið í efstu deildum í fótbolta, handbolta og körfu á höfuðborgarsvæðinu ásamt sersamböndum þessara greina var boðið á þann fund. Samráð í ferlinu var því mjög víðtækt og var leitað til fjölmargra hagsmunaaðila.

Breytingarnar sem varða 3., 4. og 8. gr. miða að því að skýra ábyrgð og verkferla í stjórnsýslu borgarinnar og tryggja að íbúar og rekstraraðilar hafi skýrar og aðgengilegar leiðir til að bregðast við ábendingum um hávaða, opnunartíma og notkun borgarlands. Með því að skýra rýmingartíma og gera kröfu um afnotasamninga fyrir útiveitingasvæði er dregið úr túlkunarvafa og stuðlað að samræmdu verklagi og fyrirsjáanleika í leyfisveitingum. Þá er lagt til að fella út ákvæði um nektarstaði þar sem það er þegar að fullu kveðið á um í landslögum, og er breytingin því eðlileg einföldun og uppfærsla á regluverkinu.

Varðandi breytingu á 11. gr. þá tekur tillagan mið af þeirri þróun sem orðið hefur í framkvæmd undanfarinna ára. Þar sem síðustu ár hefur borgarráð fallist á að heimila áfengisveitingar í tengslum við einstaka íþróttaviðburði og þannig veitt undanþágur frá núverandi banni við áfengisveitingum í tengslum við íþróttaviðburði. Einnig eru sum íþróttafélög með varanlegt rekstrarleyfi í veislusölum sem hafa verið nýtt til sölu áfengis á íþróttaviðburðum. Þetta hefur skapað ófyrirsjáanleika og ójafnræði á veitingasölu íþróttafélaga á íþróttaviðburðum. Með breytingunni er markmiðið að skapa skýrt, sanngjarnt og gagnsætt regluverk þar sem gætt er meðalhófs. Jafnframt er breytingunni ætla að tryggja ábyrga, skýra og vel útfærða umgjörð um áfengissölu á íþróttaviðburðum til að verja börn og ungmenni í samræmi við forvarnarsjónarmið.

Starfsmanni stýrihópsins var falið að útbúa leiðbeiningar fyrir íþróttafélögin í samráði við starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Jafnframt samþykkti stýrihópurinn að setja á fót vinnuhóp sem hafi það hlutverk að vera íþróttafélögum til ráðgjafar og aðstoðar fyrir rekstrarleyfisumsóknir fyrir veitingastað í flokki II og aðrar nauðsynlegar umsóknir sem kunna að fylgja. Vinnuhópurinn skal skipaður fulltrúum frá skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu umbóta- og upplýsingamála á umhverfis- og skipulagssviði og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Fylgiskjöl:

1. Tillaga að breytingum á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði
2. Vinnuhópur í kjölfar breytinga á málsmeðferðarreglum borgarráðs
3. Erindisbréf stýrihóps um breytingar á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði



Reykjavík

MÁLSMEDFERÐARREGLUR BORGARRÁÐS UM VEITINGASTAÐI OG GISTISTAÐI

Gildissvið

1. gr.

Reglur þessar gilda um málsmeðferð og afgreiðslu umsagna borgarráðs um umsóknir um rekstrarleyfi skv. ákvæðum laga nr. 85/2007 og reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald m.s.br.

Jafnframt fjalla þær um staðsetningu og opnunartíma veitingastaða og gististaða í Reykjavík sem og sérstök skilyrði sem slíkri starfsemi eru sett.

Um staðsetningu, opnunartíma o.fl.

2. gr.

Almennt um staðsetningu og opnunartíma

Um staðsetningu veitingastaða og gististaða í Reykjavík fer eftir ákvæðum í aðalskipulagi Reykjavíkur ~~2010-2030~~ (hér eftir AR), hverfisskipulagsáætlunum, deiliskipulagi sem og reglum þessum.

Um flokkun og tegundir veitingastaða og gististaða fer eftir ákvæðum laga nr. 85/2007 og reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Um opnunartíma veitingastaða og afgreiðslutíma áfengis fer eftir lögum og reglum settum skv. þeim, lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar ~~nr. 1097/2008~~ og reglum þessum.

3. gr.

Opnunartími veitingastaða, annarra en áfengisveitingastaða

Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I¹) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn, með þeim takmörkunum þó sem lög og reglur settar skv. þeim setja eða ef takmarkanir koma fram í skilmálum ~~hverfis eða deiliskipulags skipulagsáætlana. Stafi íbúum í nágrenni veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur borgarráð þó takmarkað opnunartíma hans. Stafi íbúum í nágrenni veitingastaðar ónæði af rekstrinum skal beina kvörtunum til heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur f.h. heilbrigðisnefndar.~~ Um útiveitingar fer eftir 8. gr.

4. gr.

Opnunartími áfengisveitingastaða

Um veitingastaði þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar (flokkar II og III¹) gildir að þeim skal lokað þegar heimiluðum veitingatíma áfengis lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tveimur klukkustundum eftir að heimiluðum veitingatíma áfengis lýkur. Allir gestir skulu hafa yfirgefið veitingastaðinn eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans. Klukkustundin sem gefin er til rýmingar telst eingöngu hámarkstími til að gestir geti yfirgefið staðinn með eðlilegum hætti, en ekki sem viðbótaropnunartími eða tími til áframhaldandi þjónustu eða afgreiðslu.

Um afgreiðslutíma áfengis

¹ Samkvæmt 4. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

5. gr.

Veitingastaðir á íbúðasvæðum

Óheimilt er að veita áfengisveitingastöðum á skilgreindu íbúðasvæði rekstrarleyfi (í flokki II²) nema um sé að ræða skilgreinda nærþjónustukjarna eða aðalgötur, á dvalarheimilum aldraðra, eða ef um er að ræða áfengisveitingastað sem áður hefur fengið leyfi, enda sé ekki heimilaður lengri ~~veitingatími-afgreiðslutími~~ áfengis en til kl. 23.00 alla daga, þó til kl. 01.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga, í flokki II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur borgarráð, að fenginni umsögn ~~skipulagsfulltrúa umhverfis- og skipulagsráðs~~, heimilað rekstur áfengisveitingastaðar í flokki II, þar sem ~~veitingatími-afgreiðslutími~~ áfengis er ekki heimilaður lengur en til kl. 01.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga, ef íbúum í nágrenni veitingastaðarins stafar ekki ónæði af rekstrinum. ~~Þeim tilföllum sem borgarráð heimilar slíka undanþágu skal rekstrarleyfi veitt til eins árs til reynslu.~~

Commented [A1]: Lög nr. 85/2007 gera bara ráð fyrir að rekstrarleyfi séu ótímabundin.

6. gr.

Veitingastaðir utan íbúðasvæða

Í miðborg, á miðsvæðum, á hafnarsvæði H2 í Örfirisey (sbr. mynd 6 í kafla um hafnarsvæði í AR) og athafnasvæðum má heimila veitingatíma áfengis frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga, þó til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga.

Heimilt er að takmarka veitingatíma frekar en kemur fram í 1. mgr., s.s. ef veitingastaður er umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð. Ef telja verður að starfsemi áfengisveitingastaðar falli ekki að nálægri byggð er heimilt að synja um rekstrarleyfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ~~veitingatími-afgreiðslutími~~ takmarkaður á svæði sem merkt er með takmörkuðum miðborgarheimildum á mynd 5 í landnotkunarkafli AR, um flokkun svæða í miðborginni. Ennfremur er ~~veitingatími-afgreiðslutími~~ takmarkaður á miðsvæðum sem skilgreind eru sem borgarhlutakjarnar (M11-16), sjá þéttbýlisupprátt AR og töflu 2 í landnotkunarkafli AR.

Veitingastaðir í flokki III geta einnig verið heimilir á svæðum fyrir samfélagsþjónustu, opnum svæðum, íþróttasvæðum, affreyningar- og ferðamannasvæðum og landbúnaðarsvæðum ef gerð er grein fyrir slíkum rekstri í hverfisskipulagi/ deiliskipulagi. Veitingastaðir í flokki II eru heimilir á verslunar- og þjónustusvæðum, hafnarsvæðum og iðnaðarsvæðum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má heimila rýmri veitingatíma áfengis á tilteknum svæðum sem hér segir:

- a. á svæði sem merkt er með rýmri miðborgarheimildum á mynd 5 í landnotkunarkafli AR, um flokkun svæða í miðborginni, frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga; þó til kl. 04.30 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags.
- b. á miðsvæði M2c, M2d, M2e (sjá mynd 3 í kaflanum Miðborg og miðsvæði í AR) og hafnarsvæði H2 í Örfirisey, frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga; þó til kl. 04.30 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má heimila áfengisveitingar til dvalargesta á gististöðum til kl. 03.00 alla daga. Jafnframt má heimila að veitt sé áfengi með sjálfsafgreiðslu úr sérstökum skáp (minibar) á gistihverbergjum til dvalargesta á gististað.

² Samkvæmt 4. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Á veitingastöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga er heimilt að veita áfengi aðfaranætur 27. desember og 2. janúar sem um aðfaranætur laugardaga, sunnudaga eða almennta frídaga væri að ræða. Lengst má þó veita áfengi umræddar nætur til kl. 03.00. Um útveitingar áfengis fer eftir 8. gr.

Um almenn skilyrði

7. gr.

Um gengni og þrífnaður

Rekstrarleyfi veitingastaða skulu bundin því skilyrði að leyfishafi haldi hreinni lóð og nánasta umhverfi veitingastaðarins, þ.m.t. gangstétt framan við staðinn, og þrifi ávallt að skemmtun lokinni.

8. gr.

Útveitingar

Heimila má í rekstrarleyfi útveitingar við veitingastað ef aðstæður leyfa. Skal það vera innan fyrirfram tilgreinds útveitingasvæðis og skal þess gætt að ávallt sé rúm fyrir gangandi umferð framhjá svæðinu. Í rekstrarleyfi skal tilgreindur heimilaður útveitingatími.

Ef útveitingasvæði er á borgarlandi skal einnig sækja um afnot af borgarlandi og skal undirritaður afnotasamningur fylgja umsókn um rekstrarleyfi. Umhverfis- og skipulagssvið gerir afnotasamninga um borgarland vegna útveitinga.

Útveitingar áfengis má almennt ekki heimila lengur en til kl. 22.00. Þó má heimila útveitingar áfengis allt til kl. 23.30 á svæði sem merkt er með rýmri miðborgarheimildum á mynd 5 í landnotkunarkafli AR um flokkun svæða í miðborginni, svo og við sérstakar aðstæður, s.s. vegna mikillar fjarlægðar frá annarri byggð.

Leyfishafi skal sjá til þess að umgengni á og við útveitingasvæði sé góð og ber honum að þrifa svæðið og næsta nágrenni þess þegar þörf er á og ávallt þegar útveitingatíma lýkur hverju sinni.

9. gr.

Nektarstaðir

Rekstur nektardansstaða er óheimill í Reykjavík.

Á veitingastöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

10. gr.

Veitingastaðir í íþróttamannvirkjum

Ekki eru heimilaðar áfengisveitingar á veitingastöðum í húsum þar sem fram fara skipulegar og reglubundnar íþróttæfingar barna og unglinga. Á veitingastað í slíku húsi sem eingöngu hefur sérinngang má þó heimila áfengisveitingar.

Akvæði 1. mgr. eiga ekki við um veitingastaði í húsum sem einungis eru til félagsstarfs en hvorki til íþróttæfinga né keppni.

Ef vafi er uppi um hvort takmarkanir eiga við samkvæmt þessari grein skal afla umsagnar íþrótt- og tómstundaráðs menningar- og íþróttaráðs um málið.

11. gr.

Áfengisveitingar í tengslum við íþróttaviðburði

Commented [A2]: Slík starfsemi er þegar bönnuð samkvæmt 4. gr. laga nr. 85/2007

Áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði eru bannaðar. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburð eða á meðan á honum stendur.

Áfengisveitingar á íþróttaviðburðum eru heimilar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Áfengisveitingar skulu einungis heimilaðar á íþróttaviðburðum þar sem ekki er um að ræða keppni eða mót barna og ungmenna undir 18 ára aldri.
- b) Leyfið skal jafnframt einungis ná til sölu á áfengu öli og léttu víni. Létt vín telst áfengi, annað en öl, sem í er minna af vínanda en 21% að rúmmáli.³
- c) Sala og neysla áfengra drykkja skal fara fram á sérstöku, afmörkuðu svæði sem er merkt á skýran hátt og þar sem aðgengi barna og ungmenna undir lögaldri er með öllu óheimill.
- d) Óheimilt er að selja eða neyta áfengra drykkja á áhorfendasvæðum, svosem stúku, eða öðrum svæðum innan viðburðarsvæðisins en þeim sem sérstaklega eru skilgreind til slíkrar notkunar, sbr. 11. gr. c.
- e) Leyfishafi skal tryggja að aðgangur að áfengisveitingasvæði sé aðskilinn aðgangi sem börn og ungmenni nota til að komast til og frá íþróttaviðburðinum og að þau þurfi ekki að fara um eða fram hjá slíku svæði.

Uppfylli leyfishafi ekki framangreind skilyrði áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að beina því til leyfisveitanda að svipta leyfishafa leyfinu, skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2007. Hægt er að koma ábendingum um misbresti á framkvæmdinni í gegnum ábendingagátt Reykjavíkurborgar.

12. gr.

Skóladansleikir

Skóladansleikur eða skemmtun fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára á veitingastað sem leyfi hefur til sölu áfengra veitinga telst ávallt breyting á skilmálum rekstrarleyfis og skal sækja um slíka breytingu eigi síðar en viku fyrir hinn fyrirhugaða dansleik eða skemmtun. Fer um slíka umsókn sem um tækifærisleyfi væri að ræða og gilda um hana sömu skilyrði.

Skóladansleikir mega ekki standa lengur en til kl. 01.00 alla daga.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur borgarráð ákveðið að veita jákvæða umsögn um að einn skóladansleikur hvers framhaldsskóla á almanaksári fái að standa til kl. 02.00 ef veitingastaður er ekki umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð.

Um afgreiðslu umsagna

13. gr.

Umsagnir borgarráðs

Skrifstofa borgarstjórnar annast afgreiðslu umsagna borgarráðs til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu skv. 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Í því felst að taka á móti beiðnum embættisins um umsagnir, afla nauðsynlegra upplýsinga og leggja fram rökstudda tillögu að umsögn borgarráðs.

Skrifstofa borgarstjórnar leitar umsagna eftirtalinna aðila við gerð umsagna borgarráðs:

a. byggingarfulltrúa sem staðfestir að starfsemi sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála og að að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu,

³ Skv. 2. og 7. gr. reglugerðar nr. 177/1999 um smásölu og veitingar áfengis.

b. skipulagsfulltrúa sem staðfestir að afgreiðslutími staðar og staðsetning sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag segja til um,

c. heilbrigðiseftirlits sem staðfestir að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og, þegar við á, mat á grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist,

d. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sem staðfestir að kröfum um brunavarnir sé fullnægt.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar leggur í upphafi mat á það hvort staðsetning sé innan þeirra marka sem reglur þessar og skipulag segja til um og leitar umsagnar skipulagsfulltrúa ef þurfa þykir. Ef skipulagsleg niðurstaða er neikvæð þarf ekki að leita umsagnar annarra aðila um umsóknina.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er heimilt að afgreiða umsagnir án staðfestingar borgarráðs, enda sé viðkomandi umsókn innan þeirra marka sem stefnumörkun borgarráðs og reglur þessar setja.

Í umsögnum borgarráðs skal m.a. horft til þeirrar reynslu sem fengist hefur af rekstri á staðnum og af umsækjanda.

14. gr.

Umsagnir um tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi

Borgarráð, slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, og heilbrigðisnefnd og eftir atvikum aðrir umsagnaraðilar veita sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu umsagnir um tækifærisleyfi og tækifærisleyfi til áfengisveitinga skv. 17. gr. laga nr. 85/2007, ~~og um tímabundin áfengisveitingaleyfi skv. 18. gr. sömu laga.~~

15. gr.

Gætt skal almennra ákvæða stjórnsýslulaga við afgreiðslu umsagna. Skal þess m.a. gætt að umsagnir séu byggðar á fullnægjandi upplýsingum.

Almennt skal málsmeðferðartími ekki fara yfir þrjár–fjórar vikur frá því að umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis hefur borist. Málsmeðferðartími vegna tækifærisleyfa miðast við tvær vikur frá því að umsagnarbeiðni hefur borist. Sé fyrirsjáanlegt að afgreiðsla umsagnar teffjist umfram þann tíma skal lögreglustjóra—sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu gerð grein fyrir töfinni og hvenær umsagnarinnar sé að vænta.

16. gr.

Reglur þessar koma í stað málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitinga- og gististaði frá 12. janúar 2017¹⁴, með síðari breytingum, og taka þegar gildi.

Samþykkt í borgarráði 12. janúar 2017 XXXXxxxppp



Reykjavík, 5. febrúar 2026

MSS25090023

Vinnuhópur í kjölfar breytinga á málsmeðferðarreglum borgarráðs

Vegna breytinga á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði hefur stýrihópurinn samþykkt að settur verði saman vinnuhópur sem hafi það hlutverk að vera íþróttafélögum til ráðgjafar og aðstoðar fyrir rekstrarleyfisumsóknir fyrir veitingastað í flokki II og aðrar nauðsynlegar umsóknir sem kunna að fylgja (s.s. byggingarleyfisumsókn, umsókn um starfsleyfi, o.s.frv.). Skal vinnuhópurinn skipaður fulltrúum frá skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu umbóta- og upplýsingamála á umhverfis- og skipulagssviði og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Greinargerð:

Stýrihópur um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði hefur unnið breytingar á málsmeðferðarreglunum eftir samráðs við hagsmunaaðila. Helsta breyting á reglunum er að áfengisveitingar í tengslum við íþróttaviðburði séu ekki bannaðar heldur heimilar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi breyting opnar á að íþróttafélög geti fengið leyfi fyrir veitingastað í flokki II að uppfylltum þessum skilyrðum og viðbúið er að töluverður fjöldi umsókna berist.

Samkvæmt samþykktu erindisbréfi stýrihópsins getur stýrihópurinn leitað frekari ráðgjafar hjá hagsmunaaðilum innan borgarinnar með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á. Vinnuhópur þessi er með sérþekkingu á viðfangsefninu og er ætlað að vera hagsmunaaðilum, þ.e. íþróttafélögum, til aðstoðar varðandi umsóknarferlið.

Ábyrgðaraðili:

Skrifstofa borgarstjórnar



Reykjavík



Borgarráð

Reykjavík, 12. ágúst 2025

MIR24070001

Stýrihópur um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði

Á fundi borgarráðs þann 20. mars 2025, sbr. 17. lið fundargerðar, var lagt fram að nýju bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13. júní 2024, varðandi endurskoðun málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitinga- og gististaði, ásamt fylgiskjöllum. Jafnframt var lagt fram bréf menningar- og íþróttasviðs, dags. 14. mars 2025, sbr. samþykkt menningar- og íþróttaráðs sama dag varðandi umsögn menningar- og íþróttaráðs um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði, ásamt fylgiskjöllum. Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Erindisbréf um endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði.



Reykjavík



Reykjavík, [dags.] 2025

MIR24070001

ERINDISBRÉF
Stýrihópur um endurskoðun á
málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Á fundi borgarráðs þann 13. júní 2024 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar varðandi endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitinga- og gististaði. Í bréfinu kemur einnig fram að eitt af markmiðum endurskoðunarinnar er að skoða hvort þörf sé á óbreyttum sérstökum ákvæðum um áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði. Tilefnið var umsókn Knattspyrnusambands Íslands um rekstrarleyfi í flokki II á Laugardalsvelli en í 11. gr. málsmeðferðarreglnanna er að finna þá reglu að áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði eru bannaðar. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburð eða á meðan á honum stendur. Síðustu ár hefur þó verið fallist á að heimila áfengisveitingar í tengslum við einstaka íþróttaviðburði. Borgarráð samþykkti á fundinum að vísa erindinu til meðferðar menningar- íþróttar og tómstundarráðs og fól ráðinu að leita samráðs við íþróttafélögin og aðra hagaðila.

Á fundi borgarráðs þann 20. mars 2025, var málið tekið fyrir að nýju og lagt fram bréf menningar- og íþróttasviðs, dags. 14. mars 2025, sbr. samþykkt menningar- og íþróttaráðs sama dag á umsögn menningar- og íþróttaráðs ásamt umsögnum hagsmunaaðila sem aflað var í samráðsferli ráðsins.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að yfirfara umsagnir menningar- og íþróttaráðs ásamt umsögnum hagsmunaaðila sem aflað var í samráðsferli ráðsins, gera tillögu að breytingum á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitingastaði og gististaði. Þegar tillögurnar liggja fyrir skal leita umsagna hjá hagsmunaaðilum að nýju.

Stýrihópin skipa:

Líf Magneudóttir, formaður

Skúli Helgason

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Starfsmaður stýrihópsins:

Viktoría Júlía Laxdal, skrifstofa borgarstjórnar.

Til ráðgjafar og samstarfs:



Reykjavík



Leitað verður ráðgjafar sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs, skrifstofustjóra borgarstjórnar og borgarlögmanns.

Stýrihópurinn getur einnig leitað frekari ráðgjafar hjá þeim hagsmunaaðilum sem áður hafa skilað umsögnum og öðrum aðilum innan og utan borgarinnar með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir 1. nóvember 2025. Ábyrgðaraðili leggur tillögurnar fyrir borgarráð til þóknanlegrar meðferðar.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri



Reykjavík